



Garðyrkjuskólinn Reykjum
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

KLIP3FE01 Trjáfellingar

Kennari:	Björgvin Örn Eggertsson boe@fsu.is
----------	---

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
KLIP3FE01 – Trjáfellingar	1 fein	3
Lýsing Nemendur læra öll helstu öryggisatriði og aðferðir sem nýta skal þegar unnið er með keðjusagir. Farið er í verklega kennslu til að læra almennt viðhald keðjusaga og hvernig þær virka s.s. að hreinsa sögina, framkvæma einfalda bilanaleit, snúa við sverði og brýna keðju. Nemendur læra fellitækni og fá verklega kennslu í notkun keðjusaga við fellingu á stórum trjám og grisjun í skógi. Nemendur þjálfast í að stýra nákvæmlega í hvaða átt tré falla.		
Forkröfur Garðyrkja: GRÓÐ2TR03 (Tré og runnar) Búfræði: SKÓG2NY02 (Nytjaskógrækt)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">Helstu öryggisatriðum er varða meðferð og notkun á keðjusögum.Réttri líkamsbeitingu við trjáfellingar.Algengasta viðhaldi sem keðjusagir þurfa og hvernig það er framkvæmt.Þeim aðferðum og búnaði sem beitt er við fellingu trjáa.Hvernig velja á tré til fellingar í grisjun.Þeim hættum sem geta leynst í nágrenninu.Hvernig beita skal öguðum vinnubrögðum.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: Nýta og miðla þekkingu sinni á viðeigandi öryggisbúnaði sem þarf í trjáfellingar sem metið er með verklagi, rökstuðningi og frágangi. Leysa af hendi algengustu verkþætti í viðhaldi keðjusaga s.s. hreinsun á sög, einfaldri bilanaleit, snúa við sverði og brýningu á keðju sem metið er með verklagi og frágangi.	

<p>Leikniviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nota viðeigandi öryggisbúnað sem þarf þegar unnið er með keðjusög. • Sinna helsta viðhaldi á keðjusög s.s. hreinsun á sög, einfaldri bilanaleit, snúa við sverði og brýningu á keðju. • Fella tré með keðjusög. • Stýra fallátt trjáanna af nákvæmni. • Afgreina trjáboli á viðunandi hátt. • Hluta í sundur bolvið og stafla viðnum saman. 	<p>Nýta þekkingu sína og skilning á fellitækni til að fella tré og stýra nákvæmlega í hvaða átt það fellur sem metið er með verklagi og frágangi. Meta hvaða tré skal fella í grisjun sem metið er með rökstuðningi, verkskipulagi og útsjónarsemi.</p> <p>Gera sér grein fyrir þeim hættum sem leynst geta í nágrenninu sem metið er með verklagi og útsjónarsemi.</p> <p>Búa yfir öguðum vinnubrögðum sem metið er með ábyrgð og verklagi.</p> <p>Nýta þekkingu sína og leikni með keðjusög til að afgreina trjáboli, hluta sundur bolvið og stafla við á viðunandi hátt sem metið er með verklagi og verkskipulagi.</p>
<p>Námsmat</p> <p>Nemendur þurfa að standast skriflegt próf auk þess að sýna færni í notkun keðjusagarinnar.</p>	
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</p> <p>Einn bóklegur dagur þar sem farið er yfir helstu þætti eins og fellingartækni, öryggismál, grisjun o.fl. Tveir dagar þar sem innviðir sagarinnar eru skoðaðir og farið í skóg þar sem nemendur fella tré.</p>	
<p>Tenging við grunnþætti</p> <p>Læsi: Nemendur læra að lesa umhverfi sitt og samsetningu skógarins.</p> <p>Heilbrigði og velferð: Nemendur læra að fylgja þeim öryggiskröfum sem eru nauðsynlegar við fellingar á trjám.</p> <p>Sjálfbærni: Nemendur sjá að efni sem fellur til í skóginum má nýta á ýmsan hátt.</p>	
<p>Dags.: 10.9.2013</p> <p>Höfundar: Ágústa Erlingsdóttir og Björgvin Örn Eggertsson</p>	

Námsefni:

- Námsefni fyrir skógarmenn Grisjun og skógarhögg

Námsmat

Frammistaða í verklegum æfingum og skrifleg könnun. Lámarkseinkunn í áfanganum er 4,5.

Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlesturum, verklegum æfingum. **ATH að fyrstu tveir dagarnir eru til kl 17:30**

Fyrsta daginn eru allir saman í bóklegri sýnikennslu. Seinni tvo dagana er skipt í tvo hópa, sjá töflur og dagsetningar.

Tímar Hópur 1	Efni	Kennari
14. feb. 09 ⁰⁰ -17 ³⁰	Trjáfellingar bóklegt, Reykir	Björgvin Eggertsson
15. feb. 09 ⁰⁰ -17 ³⁰	Trjáfellingar verklegt, Reykir	Björgvin Eggertsson
16. feb. 09 ⁰⁰ -16 ¹⁵	Trjáfellingar verklegt, Reykir	Björgvin Eggertsson

Tímar Hópur 2	Efni	Kennari
14. feb. 09 ⁰⁰ -17 ³⁰	Trjáfellingar bóklegt, Reykir	Björgvin Eggertsson
22. feb. 09 ⁰⁰ -17 ³⁰	Trjáfellingar verklegt, Reykir	Björgvin Eggertsson
23. feb. 09 ⁰⁰ -16 ¹⁵	Trjáfellingar verklegt, Reykir	Björgvin Eggertsson

Hópur 1	Hópur 2
Anna Sigurlín	Bergljót Kristinsdóttir
Ásta Möller	Edda Lydía
Berglind María Waagfj	Hjördís Rögn
Helena Stefáns	Inga Ásta Bjarnadóttir
Pétur Jónsson	Ívar Yan
Rósa Guðrún Daníelsdóttir	Jóhanna Hjaltadóttir
Sigríður María	Krista Björk

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Verklegar æfingar: Tveir verklegir dagar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Nemendur þurfa að hafa með þykka sokka ef að keðjusagarstígvélin passa ekki nægilega vel. Einnig er gott að hafa þunnar buxur til að fara í innan undir keðjusagarbuxunum. Þunna leðurvinnuvettlinga þurfið þið að koma með. Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar og bóklega daginn þar sem vissar æfingar verða framkvæmdar.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 10. janúar 2024

Björgvin Örn Eggertsson